

Snartarstaðir

Úttektarskýrsla minjavarðar

Sædís Gunnarsdóttir og Ómar Valur Jónasson
Ár 2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Sædis Gunnarsdóttir og Ómar Valur Jónasson

Ljósmyndir
Ómar Valur Jónasson

Ljósmynd á forsíðu
Tengivirki á skráningarsvæðinu

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar	4
2.	Fyrri rannsóknir	4
3.	Staðhættir	4
4.	Rannsókn – aðferð	4
5.	Fornleifaskrá.....	5
6.	Niðurstöður	6
7.	Heimildaskrá	8
8.	Myndaskrá	9
9.	Viðaukar	9

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3082

Tilgangur úttektar:
Strenglögn

Staðsetning:
Snartarstaðir, Norðurþing

GPS:
615752 E, 647165 N

Dagsetning vettvangsferðar:
31/08/2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Rögnvaldur Guðmundsson starfsmaður RARIK hafði samband við minjavörð 17. ágúst 2023 og óskaði eftir mati Minjastofnunar á því hvort skrá þyrfti stutta lagnaleið á jörðinni Snartarstöðum í Norðurþingi. Ómar Valur Jónasson fór á svæðið 31. ágúst og mældi upp 10 fornleifar í nágrenni strengleiðarinnar. Rarik lagði til nýja strengleið þann 7. september og lenda þá allar skráðar fornleifar í meira en 15 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.



Mynd 1 – Ný strenglögn og skráðar minjar

2. Fyrri rannsóknir

Engar fyrri rannsóknir eru til staðar.

3. Staðhættir

Við þjóðveginn er að mestu blautt mólendi, þar sem skráðar voru mógrafir og mókofi. Strenglögnin beygir svo til suðurs í jaðarinn á ræktuðu túni, liggur svo uppá blásinn mel. Nýlega hefur verið byggð ný rafstöð á melnum og er það svæði því nokkuð raskað nú þegar.

4. Rannsókn – aðferð

Örnefnaskrár og túnakort voru skoðuð ásamt því sem rætt var við heimildarmennina Helga Árnason og Sigurlínu Jóhannesdóttir, landeigendur á Snartarstöðum.

5. Fornleifaskrá

3082:001

Rétt austan við nýja rafstöðvar húsið er að finna leifar af Geitakofa. Tóftin er mjög greinileg á yfirborði og má þar sjá móta fyrir allavega einu rými. Bárújárns leifar liggja innan tóftarinnar. Samkvæmt landeiganda hefur þetta alltaf verið talið leifar geitakofa, ekki vissi hann þó nákvæman aldur hans. Kofinn er innan úttektarsvæðis að hluta.



Mynd 2 – Geitakofi 001

3082:002

Samkvæmt örnefnaskrá var mylla við svokallaðan Myllufoss. Ekki sjást neinar augljósar leifar myllurnar við fossinn, en þar er þó að finna mikið af grjóti og þúfur sem benda til að þar hafi staðið mannvirki. Myllan er töluvert utan úttektarsvæðis.



Mynd 3 – Mylla 002 við Myllufoss

„Myllufoss: metri á hæð, þar var mylla í honum. Sú mylla mun hafa verið starfrækt allt fram til ársins 1908 eða 1909.“

(Örnefnaskrá: Snartarstaðir. Ari Gíslason, Kristján Eiríksson. 1973)

3082:003

Brot af garðlagi er að finna í mjög þýfðu graslendi NV við Myllufossin. Garðurinn sést mjög vel á 40m kafla en hverfur svo í þúfurnar við báða enda. Ekki er ólíklegt að þetta séu leifar af túngarði sem hefur afmarkað heimatúnið, passar það nokkuð vel við túnakort. Garðlagið er töluvert utan úttektarsvæðis.

3082:004

Nokkuð heillegar leifar af fjárhúsi eða lambhúsi er að finna í NA horni núverandi heimatúns, rétt sunnan við hlið á vegi upp að rafstöðvunum. Aðeins eru hluti veggja fjárhússins enn uppistandandi en þar má vel sjá torf og steinhleðsluna. Samkvæmt landeiganda var tóftin í seinni tíð notuð til að geyma timburleifar og að lokum var mokað yfir hana af mestu. Tóftin er rétt sunnan úttektarsvæðis enda var vitað haf henni þegar það var áætlað.



Mynd 4 – Fjárhús 004

3082:005

Í votlendi í SV horni heimatúns er að finna margar dældir sem túlkaðar hafa verið sem mógrafir (006 – 009). Innan um þessar dældir er að finna eina litla tóft sem talin er hafa verið mókofi. Mókofar voru notaðir til að þurrka og geyma mó sem hafði verið skorinn upp. Mikið mótekju svæði er á þessum stað og tengist kofinn því.



Mynd 5 – Mókofi 005

3082:006 - 009

Í votlendi í SV horni heimatúns er að finna margar „ferkantaðar“ dældir sem skera sig mjög úr þýfðu umhverfi sínu. Munu þetta vera mógrafir og tengjast þær eflaust mótekju á staðnum í gegnum tíðina. Aðeins sunnar, hinu megin við veginn af rafstöðvunum, er að finna mikil ummerki mótekju og hefur þetta eflaust verið hluti af því svæði áður en vegurinn var lagður.



Mynd 6 – Mógrafir 008

3082:010

Í sama votlendi og mógrafirnar og mókofinn er að finna litla holu sem minnir helst á vatnsból sem talin er vera svokallað Kvígildisauga. Í örnefnaskrá er sagt að þarna hafi verið silungur nánast allan veturinn og er því ekki ólíklegt að þarna hafi verið veiðistaður. Ekki er ljóst hvort „augað“ er manngert eða náttúrulegt.



Mynd 7 – Kvígildisauga 010

„Kvígildisauga: Þar var oft silungur allan veturinn.“

(Örnefnaskrá: Snartarstaðir. Ari Gíslason, Kristján Eiríksson. 1973)

6. Niðurstöður

Staðsetningu strenglagnarinnar var breytt eftir úttekt Minjastofnunar en ekki var ástæða til að skrá svæðið aftur



Mynd 8. Skráðar minjar á svæðinu

7. Heimildaskrá

Örnefnaskrá Snartarstaða. Skráð af Ari Gíslason eftir Kristján Eiríksson.
Örnefnasstofnun Íslands.

Johnsen, J. (1847). Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn.

Túnakort Kotsgirðing og Snartastaðir Presthólahreppur Norður-Þingeyjarsýsla.
(1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.
<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

8. Myndaskrá

Mynd 1 – Ný strenglögn og skráðar minjar.....	4
Mynd 2 – Geitakofi 001.....	5
Mynd 3 – Mylla 002 við Myllufoss.....	5
Mynd 4 – Fjárhús 004.....	5
Mynd 5 – Mókofi 005.....	6
Mynd 6 – Mógrafir 008.....	6
Mynd 7 – Kvígildisauga 010.....	6
Mynd 8. Skráðar minjar á svæðinu	7

9. Viðaukar

T.d. landupplýsingargögn eða önnur ítarefni sem fylgja úttektinni.

9.1 Fornleifaskrá

Minj_ID	Skrásetjari	Sérheiti	Yfir-flokkur	Tegund	Hlutverk	Verndun	Ástand	Horfin, vegna?	Hættumat	Hættuorsök
3082-1	Ómar Valur Jónasson		býli	tóft	geitakofi	friðað	vel greinanlegar	ekki vitað	mikil hættu	vegna framkvæmda
3082-2	Ómar Valur Jónasson		býli	mannvirki	vatnsmylla	friðað	illgreinanlegar	ekki vitað	engin hættu	
3082-3	Ómar Valur Jónasson		býli	garðlag	túngarður	friðað	vel greinanlegar	ekki vitað	engin hættu	
3082-4	Ómar Valur Jónasson		býli	tóft	fjárhús	friðað	vel greinanlegar	vegna niðurrifs	mikil hættu	vegna framkvæmda
3082-5	Ómar Valur Jónasson		býli	tóft	mókofi	friðað	greinanlegar		mikil hættu	vegna framkvæmda
3082-6	Ómar Valur Jónasson		býli	dæld	mógrafir	friðað	greinanlegar		mikil hættu	vegna framkvæmda
3082-7	Ómar Valur Jónasson		býli	dæld	mógrafir	friðað	greinanlegar		mikil hættu	vegna framkvæmda
3082-8	Ómar Valur Jónasson		býli	dæld	mógrafir	friðað	greinanlegar		mikil hættu	vegna framkvæmda
3082-9	Ómar Valur Jónasson		býli	dæld	mógrafir	friðað	greinanlegar		mikil hættu	vegna framkvæmda
3082-10	Ómar Valur Jónasson	Kvígildis- auga	býli	örnefni	óþekkt	friðað	greinanlegar		mikil hættu	vegna framkvæmda